

# UMBOÐSMADUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík  
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is  
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F148/2024

Reykjavík, 15. febrúar 2024

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið  
Síðumúla 24  
108 Reykjavík

Umboðsmanni barst nýlega sameiginlegt erindi frá Landssamtökunum Geðhjálp, Landssamtökunum Þroskahjálp og ÖBÍ réttindasamtökum þar sem komið er á framfæri ábendingum um að samtökin hafi lengi haft áhyggjur af því að fatlað fólk njóti ekki þess stuðnings og réttindaverndar sem það eigi rétt á. Ástæða þess sé m.a. sú að félags- og vinnumarkaðsráðuneytið hafi ekki búið þannig að réttindagæslumönnum að þeim hafi verið gert kleift að sinna verkefnum réttindagæslunnar með ásættanlegum hætti. Upplýst er um að samtökin hafi ítrekað komið þessum ábendingum sínum á framfæri við ráðuneytið en það hafi ekki leitt til viðbragða eða ráðstafana sem þau telji viðunandi.

Framangreindar upplýsingar hafa orðið umboðsmanni tilefni til að taka málið til athugunar að eigin frumkvæði. Með vísan til 5. og 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, er þess óskað að félags- og vinnumarkaðsráðuneytið lýsi afstöðu sinni til ofangreindra ábendinga, m.a. með tilliti til réttmætis þeirra. Í því tilliti er rétt að fram komi að í samtölum umboðsmanns við fatlað fólk, m.a. vegna OPCAT-eftirlits embættisins, hefur komið fram að það telji sig ekki hafa fengið þann stuðning við gæslu réttinda sinna sem mælt sé fyrir um lögum nr. 88/2011, um réttindagæslu fyrir fatlað fólk.

Með bréfi þessu er óskað eftir afstöðu ráðuneytisins til þess hvort núverandi fyrirkomulag eða framkvæmd réttindagæslu fatlaðs fólks sé í samræmi við efni og markmið fyrrgreindra laga um réttindagæslu. Séu brotalamir eða vandkvæði uppi við framkvæmd laganna er óskað nánari skýringa á því svo og hvort ráðuneytið hafi þegar eða hafi í hyggju að grípa til aðgerða af því tilefni.

Þess er óskað að umbeðin svör ráðuneytisins og gögn berist umboðsmanni ekki síðar en 7. mars nk.

Virðingarfyllst,  
f.h. umboðsmanns Alþingis

*Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir*

Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir  
skrifstofustjóri frumkvæðismála og  
OPCAT